

# Kerfi þriggja mismunandi stafmerkja yfir sérhljóðum – hálfmisheppnuð stafsetningartilraun Rasks

Jóhannes B. Sigtryggsson

Áhrif Rasmusar Rasks (1787–1832) á stöðlun íslenskrar stafsetningar á nítjándu öld eru óumdeild. Á þessu skeiði var samræmd stafsetning hér á landi í bernsku og Rask gat því haft mikil áhrif á það hvaða stefnu hún tæki. Hann vildi gera sem minnst úr mun á fornu og nýju máli í stafsetningu og það viðhorf hans hafði áhrif á að frekar var stuðst við uppruna en framburð í síðari stafsetningartillögum sem urðu grunnur núverandi stafsetningar. Rask hafði ekki síst áhrif með því að festa í sessi ýmislegt í stafsetningu, t.d. sérhljóðabrodda, og staðla notkun ýmissa atriða, t.d. <z>, ypsilons og ritun <n>/<nn> í áhersluléttri stöðu.

Stundum gekk Rask of langt í málfræðilegri greiningu til þess að úr yrðu nothæfar tillögur. Þetta á til að mynda við um flókið kerfi hans um þrenns konar ólík yfirsett stafmerki yfir sérhljóðum: <´>, <`> og <^>:

- **(fram)broddur** (e. *acute accent*): Notaður yfir hnígandi tvíhljóðunum /au/ og /ou/ (<á>, <ó>) og nálægu einhljóðunum /i/ (<í> eða <ý>) og /ú/ (<ú>) sem enn eru einhljóð, t.d. <sár>, <ýta>.
- **bakbroddur** (e. *grave accent*): Notaður yfir stígandi „tvíhljóðum“. Almennt í <è> en Rask tilgreinir einnig hugsanlega notkun <ì> fyrir *ji* og <ù> fyrir *vu*, t.d. <hèr> fyrir *hér*, <setì> fyrir *setji* og <gùð> fyrir *guð*.
- **hattur** (e. *circumflex accent*): Rask nefnir hugsanlega notkun hatts í <â> (sérstaklega í <vâ>, <ê>, <û>). Notað til að tákna táknun hljóðs hefði breyst úr *breiðum sérhljóða* (<á>, <æ>) í *grannan* (<o>, <e>), t.d. <vâr> fyrir *vor* og <Júdêa> (*Júdæa*) en einnig til að auðkenna annað tveggja ólíkra ú-hljóða sem taldi (ranglega) að væri greint á milli í íslenskum framburði, t.d. <grûfa> fyrir *grúfa* en hins vegar <hús>.

Ítarlegasta umfjöllun um þetta kerfi yfirsettra stafmerkja er í *Lestrarkveri handa heldri manna börnum* (Rask 1830:26, 28–30) og hann kallar þar þessi merki *það harða* (þ.e. (fram)brodd), *það þunga* (þ.e. bakbrodd) og *það dragandi* (þ.e. hatt). Hefð var fyrir

notkun frambrodda í þessu skyni áður í ritun en ekki hinna. Aðalnotkun hans á bakbroddi var í sérhljóðstákninu <è> fyrir hljóðasambandið /je/ sem var algengt fram á seinni hluta nítjándu aldar, t.d. notað alla tíð í *Nýjum félagsritum* (1841–1864, 1867, 1869–1873).

Þetta aðgreiningarkerfi Rasks var frumlegt og byggðist á framburði sérhljóða/tvíhljóða í nútímaíslensku en vísaði þó einnig á sama tíma til upprunalegs framburðar. Í erindinu verður fjallað um þessar stafsetningartillögur Rasks og spor þeirra í ritum Rasks og annarra á nítjándu öld.

### **Heimildir**

Rask, Rasmus. 1830. *Lestrarkver handa heldri manna börnum með stuttum skíringargreinum um*

*stafrofið og annað þartil heyrandi*. Að tilhlutun Hins Íslenzka Bókmentafélags, Kaupmannahöfn.